

Truenorth ehf.
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

Reykjavík 25. september 2018
UST201808-118/G.G.
09.08.02

Efni: Umsókn um leyfi - Akstur utan vega – Sólheimajökull – Breyting á dagsetningu

Eftirfarandi leyfi til aksturs utan vega var veitt þann 24. ágúst sl. Leyfið gildi fyrir dagsetninguna 24. september. Þann 25. september var óskað eftir breytingu á dagsetningu til 27. september. Umhverfisstofnun samþykkir umbeðna breytingu. Aðrir skilmálar leyfisins haldast óbreyttir.

Umhverfisstofnun hefur móttakið umsókn Truenorth fyrir hönd ARD, dagsett 16. ágúst sl., um leyfi til að aka utan vega á Sólheimajökli vegna kvikmyndatöku.

Heimilt er, ef nauðsyn krefur og með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar, að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna starfa við viðhalda skála og neyðarskýla og vegna kvikmyndagerðar, enda sé ekki unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt sbr. 2. mgr. 31. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um heimild til að aka utan vega við Sólheimajökul þann 24. september n.k. til að flytja ljós og tökubúnað 1,5 km vegalengd, vegna kvikmyndatöku. Sjálf kvikmyndatökan mun taka um 4 klukkutíma. Tækjabúnaður sem þarf til að koma búnaðinum á áfangastað eru 2 sexhjól og pallar á sexhjólunum. Í umsókninni kemur fram að notast verði við göngustíginn sem er til staðar og telur umsækjandi að aksturinn muni ekki skilja eftir sig nein för. Ef för myndast þá er gert ráð fyrir mótvægisáðgerðum þar sem skóflur og hrífur verða notaðar til að afmá för. Fjöldi starfsmanna við verkefnið er 55.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að umræddur akstur eins og honum er lýst í umsókn muni ekki valda neikvæðum áhrifum á gróður eða jarðminjar, að því gefnu að ekið verði eftir þeim uppbyggða göngustíg sem liggur frá bílastæðinu við þjónustuhúsin að jökulsporði Sólheimajökuls.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir akstur utan vega á Sólheimajökli að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Vinsamlega hafðu þetta bréf meðferðis á meðan verkefninu stendur.
- Tilkynna skal landverði Umhverfisstofnunar sólarhring áður en tókur hefjast.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Öllu raski við verkefnið verði haldið í lágmarki og ef þörf er á skal afmá þau för sem gætu orðið til vegna sexhjóla.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um akstur utan vega er kr. 39.400- sbr. 24. gr. a. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst,



Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri



Jón Smári Jónsson
Sérfræðingur

